



Mannréttinda- og lýðræðisráð  
Tjarnargötu 11  
101, Reykjavík

### *Nafnabreyting á mannréttindaskrifstofu*

Á fundi borgarráðs þann 1. júlí 2007 var samþykkt að komið væri á fót sérstakri mannréttindaskrifstofu í ráðhúsi og yrði hún hluti af miðlægri stjórnsýslu. Mannréttindaskrifstofa heyrði undir Mannréttindaráð og hefur starf skrifstofunnar m.a. verið falið í eftirtöldum verkefnum;


- ✓ vinna, ásamt mannréttindaráði, að framkvæmdaáætlun mannréttindamála.
- ✓ fylgja eftir ákvörðunum mannréttindaráðs, öldungaráðs, fjölmeningarráðs, ofbeldisvarnarnefndar og ferlinefndar fatlaðs fólks.
- ✓ efla samráð innan borgarinnar í þeim málum sem stefnan nær til.
- ✓ eiga samvinnu við félög og önnur sveitarfélög í málum sem stefnan nær til.
- ✓ eiga samráð við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðunum.
- ✓ efla samráð í málaflokknum innan borgarinnar.
- ✓ eiga frumkvæði að verkefnum.
- ✓ standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnsmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars umhverfis, holdarfars og líkamsgerðar, öryggis eða annarrar stöðu..

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2018 að stofna mannréttinda- og lýðræðisráð sem tæki við verkefnum mannréttindaráðs og stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Um áramót 2018-2019 voru í framhaldi verkefni í lýðræðismálum flutt frá skrifstofu borgarstjórnar og borgarritara á mannréttindaskrifstofu.

Í ljósi þessa er óskað eftir að nafni skrifstofunnar verði breytt úr mannréttindaskrifstofa í mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í takt við breytt verkefni ráðsins og skrifstofunnar.

Virðingarfyllt



Anna Kristinsdóttir